

## Verðupplýsingar til viðmiðunar við úrlausn verkefnisins\*

### Hreyfing

- Skólakort í ræktina kostar um 64.000 kr. eða um 5.470 kr. í áskrift á mánuði.
- Eitt skipti í sund fyrir 6 - 18 ára kostar 160 kr. 10 miða kort kostar 1030 kr.
- Dagskort á skíði fyrir unglinga kostar 1.300 kr. (17 ára og yngri), 2000 kr. (17 ára og eldri).
- Skautuferð í skautahöll fyrir 16 ára og yngri kostar 1.100 kr. (aðgangur: 650 kr. og leiga á skautum 450kr.)

### Ferðakostnaður

- Árskort í strætó fyrir 12 – 17 ára farþega kostar 22.600 kr.
- Nemakort í strætó í eitt ár fyrir 18 ára og eldri kostar 52.900 kr.
- Bensínkostnaður á mánuði er að meðaltali 20.000 kr.

### Afbreying

- Bíóferð með poppi og gosi kostar almennt um 3000 kr.
- Leikhúsferð kostar um 4.000 kr. fyrir námsmenn (fer eftir tilboðum).
- Tónleikar eru misdýrir eftir því hver flytjandinn er.

### Matur og skyndibiti

- Áætlað er að matarútgjöld 4 manna fjölskyldu séu um 45.000 kr. á mánuði eða tæpar 12.000 kr. á hvern og einn.
- Mataráskrift í skóla er um 7000 kr. á mánuði.

### Tómstundir og íþróttir

- Ýmsar tómstundir á hvern nemanda má áætla að kosti um 10.000 kr. á mánuði.
- Íþróttaiðkun unglinga kostar að meðaltali um 80.000 kr. á ári.

\*Fjármálavit ábyrgist ekki nákvæmni ofangreindra upplýsinga. Um er að ræða meðaltöl á verðlagi ár frá ári.